

HLJÓÐKERFISVITUND

HVAÐ ER HLJÓÐKERFISVITUND?

Það er skilningurinn og tilfinningin fyrir uppbyggingu tungumálsins. Það er ákveðin tilfinning fyrir tungumálinu, að geta leikið sér að tungumálinu, t.d. tekið út hljóð, bætt inn hljóðum, rímað, klappað, teygt úr hljóðunum. Góð hljóðkerfisvitund gerir okkur kleift að leika okkur með tungumálið því við höfum ákveðna tilfinningu fyrir því.

HVERNIG ÞJÁLFA VÍÐ HLJÓÐKERFISVITUND?

Hægt er að þjálfna hljóðkerfisvitund strax á leikskólaaldri, t.d. með leikjum þar sem verið er að leika sér með hljóð tungumálsins, svo sem að ríma saman, klappa atkvæði og greina hljóð í orðum.

AF HVERJU ER MIKILVÆGT AÐ ÞJÁLFA HLJÓÐKERFISVITUND?

Hljóðkerfisvitund hefur mikið forspárgildi varðandi lestrarerfiðleika og þjálfun skilar betri árangri í lestrarnámi.

RÍM

BÍLL - FÍLL

KLAPPA ATKVÆÐI/HLJÓÐBÚTA

SÚKK-U-LA-ÐI

GREINA HLJÓÐ Í ORÐI

ER /SSSS/ Í ORÐINU SÓL?

HLJÓÐEYÐING

HVERNIG BREYTTIST ORÐIÐ EF ÉG TEK /A/ ÚR ÁSA?

TILFÆRSLA HLJÓÐA

MÚS - SETTU /H/ Í STAÐINN FYRIR /M/